

Nafn: *Verkleg þjálfun vegna B ökuleyfis framkvæmd af rekstraraðilum á Keflavíkurflugvelli.*

Viðfangsefni: *Æfing í hæfnipáttum sem koma fyrir í þjálfunarefni vegna ökuleyfis B. Framkvæmist fjórum sinnum.*

Undirbúningur:

Útnefndur aðili ákveður hver sér um verklega þjálfun innan fyrirtækis. (sbr. vinnuleiðbeiningar um skráningu ökuleyfa).

Miðað er við að þjálfunin sé framkvæmd þegar verkefni koma á B-svæði. Í undantekningartilfellum skal æfing fara fram án þess að verkefni krefjist þess og skal þá gera það utan álagstíma.

Starfsmaður skal hafa útprentað hefti um talstöðvarsamskipti með sér.

Þjónustuaðili sér um það hvernig þjálfun er skráð.

Framkvæmd:

Æfing fer fram á þann hátt að reyndur starfsmaður situr með nýjum í bíl. Nýr starfsmaður ekur og sér um samskipti við turn.

Í hvert skipti skal reyndur starfsmaður fara yfir hvert kallmerki þeirra er, hvert verkefnið er og hvað beri að vara sig á.

Nýr starfsmaður getur ráðfært sig við hefti um talstöðarsamskipti.

Verkefni skal fela í sér a.m.k. að fara yfir Kilo akbraut og yfir á flugvélastæði og svo aftur til baka.

Í fyrsta skipti skal reyndur starfsmaður fara yfir hvað nýr starfsmaður ætlar að kalla í turn áður en haldið er af stað.

Í annað skiptið skal reyndur starfsmaður spyrja nýjan starfsmann út í númer á öllum kílóstæðum. Ef starfsmaður stendur ekki klár á þeim skulu þeir fara yfir það þangað til starfsmaður kann þau utanað.

Í öll fjögur skiptin skal starfsþjálfari tala um mikilvægi þess að muna að öryggismál eru sameiginlegt verkefni allra á flugvellingum.

Reyndur starfsmaður skyldi reyna að leyfa nýjum starfsmanni að spreyta sig á verkefninu án þess að grípa inn í en vera tilbúinn að bregðast við ef í óefni stefnir.

Úrvinnsla:

Eftir að verkefni er lokið verða reyndur starfsmaður og nýr starfsmaður að fara yfir hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Þjálfunin skal skráð samkvæmt verklagi þjónustuaðila.